



Gjaldskrá vegna úthlutana lóða á eignarlandi Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf. úthluta fyrirtækjum og byggingaraðilum lóðum á eignarlandi fyrirtækisins. Lóðirnar eru afhentar lóðarhafa á grundvelli almennra skilmála Faxaflóahafna sf. sem stjórn fyrirtækisins hefur samþykkt. Endurgjald fyrir lóðir er samkvæmt eftirfarandi:

1. Fyrir úthlutun lóðar á eignarlandi Faxaflóahafna sf. í Gömlu höfninni í Reykjavík greiðir lóðarhafi við gerð lóðargjaldasamnings kr.6.968 pr. fermetra lóðar auk virðisaukaskatts. Lóðarhafi greiðir einnig gatnagerðargjald til Reykjavíkurborgar samkvæmt gjaldskrá og reglum borgarinnar á hverjum tíma. Greiðslukjör eru samkvæmt ákvæðum úthlutunarskilmála.
2. Fyrir úthlutun lóðar og vegna hlutdeildar í gatnagerð o.fl. á eignarlandi Faxaflóahafna sf. í Sundahöfn í Reykjavík greiðir lóðarhafi við gerð lóðargjaldasamnings kr.15.267,19 pr. fermetra lóðar auk virðisauksatts. Greiðslukjör eru samkvæmt ákvæðum úthlutunarskilmála.
3. Fyrir úthlutun lóðar og vegna hlutdeildar í gatnagerð o.fl. á eignarlandi Faxaflóahafna sf. á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit greiðir lóðarhafi við gerð lóðargjaldasamnings eftirfarandi:
 - a. Á svæði 1 (Hafnarsvæði) kr. 11.773,45 pr. fermetra lóðar auk virðisauksatts. Greiðslukjör eru samkvæmt ákvæðum úthlutunarskilmála.
 - b. Á svæði 2 (Ofan Katanesvegar) kr. 10.595,76 pr. fermetra lóðar auk virðisauksatts. Greiðslukjör eru samkvæmt ákvæðum úthlutunarskilmála.
4. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við grunnvísitölu byggingarkostnaðar m.v. 1. nóvember 2013 (119,0 stig m.v. grunn 2010) og taka breytingum á grundvelli hennar.
5. Á þeim lóðum sem samþykkt er að hækka heildar nýtingarhlutfall lóðar umfram 0,6 skal lóðarhafi greiða viðbótar lóðargjald sem nemur að lágmarki gatnagerðargjöldum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar. Stjórn Faxaflóahafna sf. getur í samræmi við úthlutunarskilmála áskilið hærra gjald en samkvæmt framangreindu.
6. Vegna breytinga á deiliskipulagi að ósk einstakra lóðarhafa áskilja Faxaflóahafnir sf. sér rétt til að innheimta útlagðan kostnað vegna breytinganna.

Þannig samþykkt í stjórn Faxaflóahafna sf. 8. nóvember 2013



Gíslason

Gíslason, hafnarstjóri